



MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Endurnýjun á samningi við Móðurmál – samtök um tvítyngi

Skóla- og frístundasvið hefur frá árinu 2014 gert samstarfssamning við Móðurmál – samtök um tvítyngi. Samningurinn kveður á um að Móðurmál fái afnotarétt af hluta húsnæðis skóla- og frístundasviðs í Fellaskóla og Hólabrekkuskóla til kennslu tvítyngdra barna á laugardögum. Notkun lýkur við skólaslit að vori og hefst að nýju að hausti við upphaf skóla. Notkun húsnæðisins verður ákveðin í samráði Móðurmáls við stjórnendur á hverjum stað. Mótframlag samtakanna er í formi fræðslu til foreldra og kennara í leik- og grunnskólum og til frístundaráðgjafa um mikilvægi móðurmáls í námi barna.

Samningur sem gerður var til þriggja ára rennur út þann 1. júní 2023 og er lagt til að hann verði endurnýjaður til þriggja ára með fyrirvara af hálfu Reykjavíkurborgar um að fjárveitingar skóla- og frístundasviðs eru gerðar með fyrirvara um fjárheimildir skv. fjárhagsáætlun á hverju ári eftir fyrsta ár samningsins.

Starfstímanum hefur Móðurmál verið í ýmsum samstarfsverkefnum og staðið fyrir fræðslu fyrir starfsmenn skóla- og frístundasvið. Helst má nefna boð í þátttöku á European Day of Languages sem haldið var í september í Gerðubergi, frekari samstarf Íslenska skólakerfið í samvinnu við SAMFOK, leiðir til að innleiða Leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi, þátttaka í Alþjóðadegi Móðurmálsins í Gerðubergi með verkefninu „Íslandskortið“ og fleiri verkefni. Móðurmálssamtökin voru í alþjóðlegu verkefni sem nefnist „Building bridges between multilingual families and schools“ og voru með erindi í Hólabrekkuskóla um það. Samtökin Móðurmál hafa verið í samstarfi við skóla- og frístundasvið um að koma á viðurkenningu á móðurmálskennslu og var það mál tekið upp innan skóla- og frístundasviðs en á endanum vísað til mennta- og barnamálaráðuneytisins.

Skóla- og frístundasvið hefur að auki styrkt skólabókasafn Móðurmálssamtakana og árið 2022 var stefnt að því að þessi styrkur yrði tekin inn í samninginn. Samtökin fara fram á að Reykjavíkurborg veiti styrk fyrir skráningu bókakosts bókasafns Móðurmáls í Gegni að upphæð 225.000 kr. á ári. og er lagt til að fallist verði á þá beiðni.

Móðurmál - samtök um virkt tvítyngi bjóða uppá móðurmálskennslu á yfir tuttugu tungumálum en pólskumælandi hópurinn er þar stærstur með tæplega 400 nemendur. Samtökin eru með um 80 kennara og sjálfboðaliða sem halda utan um kennsluna. Framlag skóla- og frístundasviðs í formi húsnæðis hefur gert samtökunum kleift að halda úti þessari starfsemi.

Samkvæmt samningnum er framlag skóla- og frístundasviðs í formi styrksins metið sem innri leiga að fjárhæð kr. 1.000.000 á ári, en jafnframt er greiddur kostnaður vegna húsvörslu og þrifa til Fellaskóla og Hólabrekkuskóla að fjárhæð kr. 1.250.000 á ári. Jafnframt verði bætt við



Reykjavíkurborg

í samninginn að Reykjavíkurborg veiti styrk fyrir skráningu bókakosts bókasafns Móðurmáls í Gegni að upphæð 225.000 kr. á ári.

Gert er ráð fyrir framangreindum kostnaði í fjárhagsáætlun skóla- og frístundasviðs.